

Tillögur Eyþings að áhersluverkefnum 2019

Dags: 6. júní 2019

Verkefni 1	Fullfjármagnað starf verkefnisstjóra í verkefninu Betri Bakkafjörður
Markmið (SMART)	<i>Tryggja fulla fjármögnun á starfi verkefnisstjóra á árinu 2019 í nýhöfn verkefni Betri Bakkafjörður sem er hluti af Brothættum byggðum og framhald af skýrslu ráðherraskipaðrar nefndar um málefni byggðarinnar við Bakkaflóa.</i>
Stutt verkefnalýsing	Verkefnið felst í að fjármagna starf verkefnisstjórans sem búið er að ganga frá ráðningu á þegar þetta er ritað. Verkefnisaðilar, þ.e. Langanesbyggð, Byggðastofnun, Atvinnuþróunarfélag þingeyinga og Eyþing hafa gert með sér samkomulag um verkefnið Betri Bakkafjörð. Samkvæmt því leggur Byggðastofnun til fjármuni úr Brothættum byggðum til að greiða kostnað við verkefnisstjórnun en stofnunin reiknaði með sérstakri fjármögnun þess í framhaldi af ríkisstjórnarsamþykkt ráðherraskipuðu nefndarinnar. Það hefur verið skilningur samningsaðila að minnka þurfi byrðar Langanesbyggðar í formi mótframlags þar sem verkefnið á Bakkafirði er sveitarfélaginu stór biti og því mikilvægt að treysta á ofangreinda sérstaka fjármögnun í þessu sambandi. Sú heimild er ekki fyrir hendi hjá srn fyrir árið 2019 og því sækir undirritaður um áhersluverkefni þetta fyrir hönd verkefnisstjórnar Betri Bakkafjarðar, til að tryggja fulla fjármögnun starfsins umfram það sem Brothættar byggðir fjármagna í sambærilegum störfum verkefnisstjóra.
Framkvæmdaaðili	Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga ræður verkefnisstjórnann, greiðslur berist AP eða Byggðastofnun með hliðsjón af sérstöku samkomulagi á milli aðila (sem gera þarf í framhaldi af afgreiðslu erindisins).
Samstarfsaðilar	Byggðastofnun, Eyþing, Langanesbyggð og íbúar byggðarlagsins
Tengsl við sóknar-áætlun 2015-2019	Samfélagið á Bakkafirði og nærsveitum hefur orðið fyrir miklum áföllum á undanförunum árum, bæði hvað varðar atvinnulíf, þjónustu og lýðfræðilega þætti. Tenging við áherslur sóknaráætlunar er sterk, ekki síst hvað varðar að tryggja grunnþjónustu, nýsköpun og þróun í atvinnumálum og menningu og koma byggðarlaginu á kortið í ferðaþjónustu. Þannig er meiningin að skapa betri aðstæður til búsetu í byggðarlaginu og þar með betri búsetuskilyrði á starfssvæði Eyþings.
Árangursmælikvarði/ar	Fullfjármagnað starf verkefnisstjóra frá og með júní 2019 – desember 2019.
Lokafurð	Fullfjármagnað starf verkefnisstjóra frá og með júní 2019 – desember 2019.
Tímarammi	júní – desember 2019
Heildarkostnaður	7 mkr. (við starf verkefnisstjórans eingöngu)
Framlag úr sóknaráætlun 2019	2 mkr.

F.h. Verkefnisstjórnar Betri Bakkafjarðar/Brothættra byggða,

Kristján Þ. Halldórsson

S	Skýr	mikilvæg,læsileg og skiljanleg.
M	Mælanleg	þú verður að vita hvenær þú hefur náð þeim.
A	Aðlagandi	þú verður að geta náð þeim.
R	Raunhæf	það má ekki taka of langan tíma að ná þeim.
T	Tímasett	settu lokatíma á markmiðin.